

Póst- og fjarskiptastofnun
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Reykjavík, 24. febrúar 2017

Efni: Samráð um þróun sjónvarpsmiðlunar og fjarskipta

Vísað er til tilkynningar Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) dags. 2. febrúar 2017, þar sem óskað var athugasemda hagsmunaaðila í samráði sem PFS efndi til vegna þróunar sjónvarpsmiðlunar og fjarskipta.

Athugasemdir 365 miðla hf. eru svohljóðandi, með vísan til spurninga í samráðsskjali:

1. Hvaða áhrif hefur sterk staða IPTV hér á landi á íslenskan myndmiðlunar- og fjarskiptamarkað?

Þær aðferðir sem áhorfendur sjónvarpsefnis hér á landi geta valið um er dreifing um loftnet, IPTV og OTT (Over-the-top Content). Dreifing um loftnet býður ekki upp á ólínulegt áhorf, en möguleikinn á ólínulegu áhorfi skiptir áhorfendur verulegu máli. IPTV-dreifileiðin gerir áhorfendum kleift að velja um mun fleiri sjónvarpsstöðvar og velja um mun meira afþreyingarefni, auk þess sem hún styður við ólínulegt áhorf. Tilkoma IPTV hefur því haft mjög jákvæð áhrif á íslenskan myndmiðlunar- og fjarskiptamarkað.

Ljóst er þó að áhrif og tilkoma IPTV eru að öllum líkindum tímabundin, enda er OTT sífellt að sækja í sig veðrið, bæði hvað varðar efnisinnihald og hvað varðar aukið og bætt aðgengi að efni. Augljóst er að OTT mun spila mun stærra hlutverk sem dreifileið til lengri tíma, m.a. með hliðsjón af því að aðgengi að myndveitum á borð við Netflix, Hulu o.fl. fer fram um OTT. Ekki er von á því að hlutdeild slíkra aðila muni minnka á næstunni. Í því samhengi má benda á að samkvæmt niðurstöðum nýrrar skoðanakönnunar sem unnin var af Gallup, eru um 44% landsmanna með áskrift að myndveitu Netflix í dag. Fyrir um ári síðan voru um 27% landsmanna áskrifendur og því ljóst að fjölgunin hefur verið gríðarleg á skömmum tíma.

2. Hvaða áhrif hefur sterk staða IPTV hér á landi á stöðu neytenda þegar kemur að aðgangi að vinsælu sjónvarpsefni?

Almennt talað hefur sterk staða IPTV hér á landi mjög jákvæð áhrif á stöðu neytenda, hvað varðar aðgang að vinsælu sjónvarpsefni. Það er því mikilvægt að aðgangur að myndefni ráðist ekki af vali neytenda á fjarskiptafélagi.

3. Hvaða áhrif hefur það á samkeppni á fjarskiptamarkaði að ákveðið efni sé bundið við tiltekið net?

Áhrif þess á samkeppni á fjarskiptamarkaði eru að líkindum neikvæð, sbr. fyrri svör. Hætt er við að dreifingaraðilar, fjarskiptafélög í því samhengi, hafi neikvæð áhrif á framboð myndefnis fyrir íslenska neytendur og dragi úr framleiðslu á íslensku myndefni verði tiltekið efni einskorðað við ákveðin fjarskiptanet, enda er íslenskt myndefni hlutfallslega dýrt í framleiðslu miðað við stærð íslenska markaðarins og ólíklegt að ráðist verði í framleiðslu

þess, ef aðgangur að því er takmarkaður við hluta íslenska markaðarins, vegna vals neytenda á fjarskiptafélagi.

4. Skiptir máli hvort slík takmörkun (spurning 3) nái eingöngu til ólínulegs efnis?

Nei. Sömu reglur ættu að gilda fyrir línulega og ólínulega sjónvarpsdagskrá.

5. Hvaða vægi hefur ólínulegt dagskrárefni í samhengi við vöruframboð fjarskiptafyrirtækja nú og nánustu framtíð?

Ólínulegt áhorf á myndefni eykst með hverjum degi. Það er eðlilegt skref við að veita viðskiptavinum betri þjónustu að auka framboð á efni sem aðgengilegt er með ólínulegum hætti, enda vilji viðskiptavina nokkuð skýr í þessum efnum með hliðsjón af aukinni eftirspurn.

6. Er það mikilvægt fyrir samkeppnishæfni íslenskra efnisveitna að geta einskorðað efnið við tiltekið fjarskiptanet?

Það er mikilvægt fyrir samkeppnishæfni íslenskra efnisveitna að efni sé ekki einskorðað við tiltekin fjarskiptanet. Að öðrum kosti mun val neytenda á efnisveitum ráðast að einhverju leyti af vali þeirra á fjarskiptanetum, sem gerir efnisveitum erfitt að keppa með eðlilegum hætti á markaði, enda mun val neytenda ráðast af atriðum sem efnisveitur ráða að jafnaði litlu um, þ.e. atriðum sem varða fjarskiptanet og rekstri þeirra. Það er erfitt að sjá að það geti þjónað hagsmunum neytenda eða efnisveitna ef neytendur neyðast til að verða sér úti um tvær gerðir myndlykla til þess eins að nálgast það myndefni sem þeir vilja hafa aðgang að.

7. Annað sem umsagnaraðili vill koma á framfæri?

Nei.

Virðingarfyllt,
f.h. 365 miðla hf,

Fróði Steingrímsson hdl.